

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 51/2009

frá 24. apríl 2009

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum,
vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2009 frá 17. mars 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/94/EB frá 22. október 2008 um vernd til handa launþegum verði vinnuveitandi gjaldþrota ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2008/94/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 80/987/EBE ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti 24. liðar (tilskipun ráðsins 80/987/EBE) í XVIII. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32008 L 0094**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/94/EB frá 22. október 2008 um vernd til handa launþegum verði vinnuveitandi gjaldþrota (Stjtið. ESB L 283, 28.10.2008, bls. 36) eins og henni var breytt með:

- **1 94 N**: Lög um aðildarskilmála Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun á sáttmálanum sem Evrópusambandið byggir á (Stjtið. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21, með áorðnum breytingum sem birtust í Stjtið. EB L 1, 1.1.1995, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2008/94/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 130, 28.5.2009, bls. 30, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 28, 28.5.2009, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 283, 28.10.2008, bls. 36.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 283, 28.10.1980, bls. 23.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 25. apríl 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. apríl 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.